

# Dulinn læknaskortur

■ ■ ■ Hávar Sigurjónsson

Stjórn Félags almennra lækna (FAL) hefur sent út áskorun til félagsmanna sem starfa á Landspítala um að hætta nú þegar að vinna yfirvinnu sem ekki er greitt fyrir og dylja þannig læknaskortinn sem þegar er til staðar samkvæmt álitu FAL, og verða um leið af þeim launum sem eðlilegt er að komi fyrir unna yfirvinnu.


Eyjólfur Þorkelsson formaður Félags almennra lækna segir í samtali við *Læknablaðið* að núverandi ástand mála sé með öllu óviðunandi og raunar með ólíkindum hversu lengi það hefur viðgengist. „Þetta skapar álag, ergelsi og þreytu meðal almennra lækna en eins og kom fram í nýlega birtri könnun á Landspítala er vart á slíkt bætandi í okkar hópi. Þar kemur fram að allt að 75% almennra lækna sýna streitueinkenni, 90% þreytueinkenni, 50% þjást af andlegri vanlíðan og 60% eru með líkamleg álags-einkenni. Það er sláandi að almennum læknum þykir Landspítali ekki aðlaðandi vinnustaður og allt að 85% almennra lækna telja ólíklegt að þeir verði þar í vinnu eftir tvö ár. Má fullyrða að ofangreindar ástæður og ógreidd yfirvinna leiki þar stórt hlutverk, þó vissulega verði ekki horft framhjá ytra ástandi mála í þjóðfélaginu.“

Eyjólfur segir að samkvæmt yfirliti úr skráningarkerfi spítalans fyrir tímabilið 1. janúar til 15. febrúar hafi 124 almennir læknar unnið umframvinnu, þar af eru 34 með 10 tíma eða meira. „Á þessum sex vikum gáfu læknar spítalanum þannig hátt á fjórðu milljón, því fyrir þessa vinnu koma engar greiðslur. Á því leikur hins vegar enginn vafi að annaðhvort á að greiða



„Grundvallarmarkmiðið er að við hættem að vinna þegar vinnutíma lýkur,“ segir Eyjólfur Þorkelsson formaður FAL.

fyrir vinnuna eða læknar hætta þegar umsömdum vinnutíma lýkur í stað þess að gefa vinnu sína. Framkvæmdastjórn spítalans hefur staðfest að skilningur LÍ og FAL á þessu sé réttur og sent bréf til framkvæmdastjóra sviðanna um að sjá til þess að skipulag sviðanna sé með þeim hætti að vinnu ljúki á tilsettum tíma en annars eigi yfirlæknar að kveða skýrt á um að yfirvinnu sé óskað.



Barmmerkið sem FAL hefur látið útbúa og hvetur alla félagsmenn til að ganga með.

Grundvallarmarkmiðið er að við hættem að vinna þegar vinnutíma lýkur. Ef einhverju er óluki þá, hringjum við í yfirlækninn og spyrjum hvort hann vilji að við klárum vinnuna og fáum þá greitt fyrir það. Með öðrum orðum, við virðum vinnutímamann en hættem að virða vinnumagnið ofar öllu. Fyrst spítalinn hefur gefið út að ekki eigi að vinna yfirvinnu, verða þeir að bera ábyrgðina á því að útskriftir frestist, rannsóknir teffist og kostnaður aukist. Við stefnum á að þetta verði komið til fullra framkvæmda 1. maí, en auðvitað hvetjum við alla til að hætta nú þegar að vinna ólaunaða vinnu,“ segir Eyjólfur Þorkelsson formaður Félags almennra lækna.